

## REGLUGERÐ

### um þvingunaraðgerðir varðandi Malí.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja:

- a. ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem eru settar á grundvelli 41. gr. VII. kafla stofnskrár Sameinuðu þjóðanna,
- b. ákvörðunum framkvæmdanefnda þess um þvingunaraðgerðir og/eða
- c. ákvæðum um þvingunaraðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti, sem er hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktanir öryggisráðsins og framkvæmdanefnda þess eða ályktanir Evrópusambandsins ályktun er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir eru sem koma eiga til framkvæmda eru og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 4 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frýstingu fjármuna nr. 93 68 /2008 2023.

#### 2. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr.:

1. Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1775 frá 28. september 2017 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 1.
  - 1.1 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2019/29 frá 9. janúar 2019 um breytingu ákvörðunar (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 1.1.
  - 1.2 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2019/1216 frá 17. júlí 2019 um breytingu ákvörðunar (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 1.2.
  - 1.3 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/9 frá 7. janúar 2020 um breytingu ákvörðunar (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 1.3.
  - 1.4 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/118 frá 27. janúar 2020 um breytingu ákvörðunar (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 1.4.
  - 1.5 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/2208 frá 13. desember 2021 um breytingu á ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 1.5.
  - 1.6 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/157 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 1.6.
  - 1.7 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/2187 frá 8. nóvember 2022 um breytingu á ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 1.7.
  - 1.8 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/726 frá 31. mars 2023 um breytingu á tilteknum ákvörðunum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum, sbr. fylgiskjal 1.8 1.8.
  - 1.9 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1204 frá 22. apríl 2024 um breytingu á ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 1.9.

2. Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1770 frá 28. september 2017 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 2.
- 2.1 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (SSUÖ) 2020/8 frá 7. janúar 2020 um breytingu á reglugerð ráðsins (SSUÖ) 2017/1770 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 2.1.
- 2.2 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (SSUÖ) 2020/116 frá 27. janúar 2020 um breytingu á reglugerð ráðsins (SSUÖ) 2017/1770 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 2.2.
- 2.3 Reglugerð ráðsins (SSUÖ) 2021/2201 frá 13. desember 2021 um breytingu á reglugerð ráðsins (SSUÖ) 2017/1770 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 2.3.
- 2.4 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (SSUÖ) 2022/156 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á reglugerð ráðsins (SSUÖ) 2017/1770 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 2.4.
- 2.5 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (SSUÖ) 2022/2179 frá 8. nóvember 2022 um breytingu á reglugerð ráðsins (SSUÖ) 2017/1770 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 2.5.
- 2.6 Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/720 frá 31. mars 2023 um breytingu á tilteknum reglugerðum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum, sbr. fylgiskjal 2.6 2.6.
- 2.7 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2024/1205 frá 22. apríl 2024 um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1770 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí, sbr. fylgiskjal 2.7.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93 68/2008 2023.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frystingu fjármuna.

### 3. gr.

#### Aðlögun.

Gerðir skv. 2. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

- ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins ("EB", "ESB", "Bandalagsins" eða "sameiginlega markaðarins") eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á,
- ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana þess gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda,
- tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á,
- tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005,
- tilvísanir í eldri ákvæði um þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins eiga við um eldri íslensk ákvæði, eftir því sem við á,
- utanríkisráðuneytið er hið lögbæra stjórnvald á Íslandi, vefsetur með frekari upplýsingum er: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/lagamal/thvingunaradgerdir/>

### 4. gr.

#### Tilkynning.

Birting lista yfir aðila, sem nefndir eru í gerðum skv. 2. gr., skal skoðast sem tilkynning til þeirra um að þær þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í gerðunum beinist gegn þeim og er þeim bent á að þeir geti sótt um vissar undanþágur til utanríkisráðuneytisins eða óskað eftir afskráningu af listum, telji þeir sig ranglega skráða.

## 5. gr.

*Undanþágur frá þvingunaraðgerð.*

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efndir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við reglugerð þessa en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

## 6. gr.

*Viðurlög.*

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. ~~93~~ 68/~~2008~~ 2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna skal sæta viðurlögum skv. ~~10~~ 37. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

## 7. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

**FYLGISKJAL 1**

Fylgiskjal 1.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/1775

frá 28. september 2017

um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 5. september 2017 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna („öryggisráðið“) ályktun nr. 2374 (2017), með vísan til ályktana sinna nr. 2364 (2017) og 2359 (2017) og staðfesti á ný grundvallarskuldbindingu öryggisráðs SP gagnvart fullveldi, einingu og friðhelgi Malí.

2) Í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2374 (2017) er krafist ferðatakmarkana gagnvart aðilum sem nefndin, sem komið var á fót með 9. mgr. ályktunar SP nr. 2374 (2017) („framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir“), tilgreinir og frýstingar fjármuna og eigna aðila eða rekstrareininga sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreinir.

3) Aðgerða er þörf af hálfu Evrópusambandsins til að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

## 1. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari aðilar, sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint að séu ábyrgir fyrir eða eigi hlutdeild í eða hafi verið ábyrgir fyrir eða átt hlutdeild, beint eða óbeint, í eftirfarandi aðgerðum eða stefnum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Malí:

- a) að taka þátt í hernaðaráttökum sem brjóta gegn samningnum um frið og sættir í Malí (hér á eftir nefndur „samningurinn“),
  - b) aðgerðum sem hindra, hindra vegna stöðugra tafa eða ógna framkvæmd samningsins,
  - c) að starfa fyrir, eða fyrir hönd, eða samkvæmt fyrirmælum aðila eða rekstrareininga sem eru tilgreindir í a- og b-lið, eða styðja þá á annan hátt eða fjármagna þá, þ.m.t. með ávinningi af skipulagðri afbrotastarfsemi, m.a. framleiðslu og ólögmætum viðskiptum með fíkniefni og grunnefni þeirra sem eiga uppruna sinn í Malí eða sem fara í gegnum Malí, mansali og smygli á farandfólki, smygli og ólögmætum viðskiptum með vopn og ólögmætum viðskiptum með menningareignir,
  - d) að taka þátt í að skipuleggja, stjórna, styrkja eða gera árásir á:
    - i) hina ýmsu aðila sem vísað er til í friðar- og sáttasamningnum, þ.m.t. staðar-, svæðis- og ríkisstofnanir, sameiginlegar eftirlitssveitir og öryggis- og varnarlið Malí,
    - ii) friðargæsluliða margþættrar, samþættrar sendisveitar Sameinuðu þjóðanna um stöðugleika í Malí (MINUSMA) og annað starfsfólk SP og tengt starfslið, þ.m.t. meðlimi í sérfræðinganeftinni,
    - iii) alþjóðlegar öryggissveitir á staðnum, þ.m.t. Force Conjointe des États du G5 Sahel (FC-G5S), sendisveitir Evrópusambandsins og franska liðsaflann,
  - e) að hindra mannúðaraðstoð við Malí eða aðgang að mannúðaraðstoð eða úthlutun hennar í Malí,
  - f) að taka þátt í að skipuleggja, stjórna eða fremja verknaði í Malí sem brjóta í bága við alþjóðleg mannréttindalög eða alþjóðlegan mannúðarrétt, eftir því sem við á, eða sem eru mannréttindabrot, m.a. aðgerðir sem beinast gegn almennum borgurum, þ. á m. konum og börnum, með ofbeldisverkum (þ.m.t. manndráp og lemstrun, pyntingar eða nauðgun eða annað kynferðislegt ofbeldi), brottnám, mannhvörf af mannavöldum, nauðungarflutningar eða árásir á skóla og sjúkrahús, trúarlega staði eða staði þar sem almennir borgarar leita skjóls,
  - g) að nota eða taka börn í þjónustu vopnaðra hópa eða vopnaðra herja og brjóta þannig gegn gildandi reglum þjóðarréttar, í tengslum við vopnuð átök í Malí,
  - h) að greiða, vitandi vits, fyrir ferðum aðila sem er á skrá, og brjóta þannig gegn ferðatakmarkunum.
- Þeir tilgreindu aðilar er um getur í málsgrein þessari eru taldir upp í viðaukanum.

2. Ákvæði 1. mgr. skuldbinda aðildarríki ekki til að meina eigin ríkisborgurum komu inn á yfirráðasvæði þess.

3. Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við ef koma eða gegnumferð er nauðsynleg til þess að meðferð dómstóla geti farið fram.

4. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki þegar framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir ákveður, í hverju tilviki fyrir sig:

- a) að koma eða gegnumferð sé réttlætanleg af mannúðarástæðum, þ.m.t. trúarlegar skyldur,
- b) að undanþága myndi stuðla að markmiðum um frið og þjóðarsátt í Malí og stöðugleika á svæðinu.

5. Í þeim tilvikum, skv. 3. eða 4. mgr., þar sem aðildarríki heimilar komu aðila, sem skráðir eru í viðaukanum, inn á yfirráðasvæði sitt eða gegnumferð þeirra um það, skal heimildin takmörkuð við þann tilgang sem hún er veitt í og við þá aðila sem heimildin varðar.

2. gr.

1. Frysta ber alla fjármuni og efnahagslegan auð, sem með beinum eða óbeinum hætti er í eigu eða undir stjórn aðila eða rekstrareininga, sem framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint að séu ábyrgir fyrir eða eigi hlutdeild í eða hafi, beint eða óbeint, tekið þátt í eftirfarandi aðgerðum eða stefnum sem ógna friði, öryggi eða
- |  |             |   |       |
|--|-------------|---|-------|
|  | stöðugleika | í | Malí: |
|--|-------------|---|-------|
- a) að taka þátt í hernaðaráttökum sem brjóta gegn samningnum,
- b) aðgerðum sem hindra, hindra vegna stöðugra tafa eða ógna framkvæmd samningsins,
- c) að starfa fyrir, eða fyrir hönd, eða samkvæmt fyrirmælum aðila eða rekstrareininga sem eru tilgreindir í a- og b-lið, eða styðja þá á annan hátt eða fjármagna þá, þ.m.t. með ávinningi af skipulagðri afbrotastarfsemi, m.a. framleiðslu og ólögmætum viðskiptum með fíkniefni og grunnefni þeirra sem eiga uppruna sinn í Malí eða sem fara í gegnum Malí, mansali og smygli á farandfólki, smygli og ólögmætum viðskiptum með vopn og ólögmætum viðskiptum með menningareignir,
- d) að taka þátt í að skipuleggja, stjórna, styrkja eða gera árásir á:
- i) hina ýmsu aðila sem vísað er til í samningnum, þ.m.t. staðar-, svæðis- og ríkisstofnanir, sameiginlegar eftirlitssveitir og öryggis- og varnarlið Malí,
- ii) friðargæsluliða margþættrar, samþættrar sendisveitar Sameinuðu þjóðanna um stöðugleika í Malí (MINUSMA) og annað starfsfólk SP og tengt starfslíð, þ.m.t. meðlimi í sérfræðinganeftindinni,
- iii) alþjóðlegar öryggissveitir á staðnum, þ.m.t. FC-G5S, sendisveitir Evrópusambandsins og franska liðsaflann,
- e) að hindra mannúðaraðstoð við Malí eða aðgang að mannúðaraðstoð eða úthlutun hennar í Malí,
- f) að taka þátt í að skipuleggja, stjórna eða fremja verknaði í Malí sem brjóta í bága við alþjóðleg mannréttindalög eða alþjóðlegan mannúðarrétt, eftir því sem við á, eða sem eru mannréttindabrot, m.a. aðgerðir sem beinast gegn almennum borgurum, þ. á m. konum og börnum, með ofbeldisverkum (þ.m.t. manndráp og lemstrun, pyntingar eða nauðgun eða annað kynferðislegt ofbeldi), brotnám, mannshvörf af mannavöldum, nauðungarflutningar eða árásir á skóla og sjúkrahús, trúarlega staði eða staði þar sem almennir borgarar leita skjóls,
- g) að nota eða taka börn í þjónustu vopnaðra hópa eða vopnaðra herja og brjóta þannig gegn gildandi reglum þjóðarréttar, í tengslum við vopnuð átök í Malí,
- h) að greiða, vitandi vits, fyrir ferðum aðila sem er á skrá, og brjóta þannig gegn ferðatakmarkunum, eða aðila eða rekstrareininga sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt þeirra fyrirmælum eða rekstrareininga sem eru í eigu þeirra eða undir stjórn þeirra. Þeir aðilar og rekstrareiningar sem um getur í þessari málsgrein eru skráðir í viðaukanum.
2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur þeim aðilum eða rekstrareiningum, sem eru skráðir í viðaukanum, með beinum eða óbeinum hætti eða koma þeim til góða.
3. Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu ekki eiga við um fjármuni og efnahagslegan auð sem viðkomandi aðildarríki hefur ákvarðað að sé:
- a) nauðsynlegur vegna grunnútgjalda, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknismeðferðar, skattheimtu, váttryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- b) eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðipóknun og til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,
- c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, að fram kominni tilkynningu viðkomandi aðildarríkis til framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir um þá fyrirætlun sína að heimila, þar sem það á við, aðgengi að fyrrnefndum fjármunum eða efnahagslegum auði, hafni framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir því ekki innan fimm virkra daga frá tilkynningunni.
4. Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu ekki eiga við um fjármuni eða efnahagslegan auð sem viðkomandi aðildarríki hefur ákvarðað að sé:
- a) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að aðildarríkið hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá ákvörðun og að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi samþykkt hana,
- b) andlag veðs eða niðurstöðu dómstóls, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms en í því tilviki má nota fjármunina og efnahagslega auðinn til þess að uppfylla skilyrði veðsins eða niðurstöðunnar, að því tilskildu að veðið hafi verið stofnað eða niðurstaðan hafi verið skráð áður en aðilinn eða rekstrareiningin voru felld inn í viðaukann, veðið eða niðurstaðan sé ekki til hagsbóta fyrir aðila eða rekstrareiningu, sem um getur í 1 mgr., og að hlutaðeigandi aðildarríki hafi sent framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir tilkynningu.
5. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki ákveði framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir, í hverju tilviki fyrir sig, að undanþága myndi stuðla að markmiðum um frið og þjóðarsátt í Malí og stöðugleika á svæðinu.
6. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að tilgreindur aðili eða rekstrareining geti innt af hendi greiðslu samkvæmt samningi, sem var gerður áður en viðkomandi var færður á skrá, að því tilskildu að hlutaðeigandi

aðildarríki hafi gengið úr skugga um að aðili eða rekstrareining, er um getur í 1. mgr., veiti ekki fyrirnefndri greiðslu viðtöku með beinum eða óbeinum hætti og eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir, 10 virkum dögum áður en slík heimild er veitt, um þá fyrirætlun að inna fyrirnefnda greiðslu af hendi eða veita henni viðtöku eða að heimila að fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur í því skyni.

7. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki þegar eftirtaldir fjármunir eru lagðir inn á frysta reikninga:

a) vextir eða aðrar tekjur af fyrirnefndum reikningum eða

b) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum, sem gengið var frá eða urðu til áður en þessir reikningar féllu undir þvingunaraðgerðirnar sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur falli áfram undir ákvæði 1. mgr.

### 3. gr.

Ráðið skal ákveða skrána í viðaukanum og breyta henni í samræmi við ákvarðanir öryggisráðsins eða framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir.

### 4. gr.

1. Tilgreini öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir aðila eða rekstrareiningu skal ráðið fella þann aðila eða þá rekstrareiningu inn í viðaukann. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæður þess að viðkomandi er færður á skrá, hlutaðeigandi aðila eða rekstrareiningu, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrirnefndum aðila eða rekstrareiningu býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

2. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa hlutaðeigandi aðila eða rekstrareiningu um niðurstöðuna.

### 5. gr.

1. Ástæður þess að viðkomandi aðilar og rekstrareiningar eru færð á skrá, þær sömu og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir færir fram, skulu koma fram í viðaukanum.

2. Í viðaukanum skulu og koma fram upplýsingar, þar sem þær liggja fyrir, sem öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir láta í té og nauðsynlegar eru til þess að bera kennsl á hlutaðeigandi aðila eða rekstrareiningar. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, ríkisfang, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er rekstrareiningar varðar geta þessar upplýsingar m.a. verið nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.

### 6. gr.

Breyta ber ákvörðun þessari eða fella hana úr gildi, eftir því sem við á, í samræmi við ákvarðanir öryggisráðsins.

### 7. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 28. september 2017.

Fyrir hönd ráðsins,  
M. MAASIKAS  
forseti.

## VIÐAUKI I

## VIÐAUKI

I. viðauki er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://data.europa.eu/eli/dec/2017/1775/oj>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB

(<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

## FYLGISKJAL 2

Fylgiskjal 2.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/1770

frá 28. september 2017

um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí

## RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr., með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1775 frá 28. september 2017 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí (1), með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórninni,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 28. september 2017 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí og til framkvæmdar ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2374 (2017). Þessar aðgerðir kveða á um ferðatakmarkanir og frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs tiltekinn aðila sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna („öryggisráðið“) eða viðkomandi framkvæmdanefnd Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint að séu ábyrgir fyrir eða eigi hlutdeild í eða hafi, beint eða óbeint, tekið þátt í aðgerðum eða stefnum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Malí. Þessir aðilar eru tilgreindir í viðauka við ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775.

2) Tilteknar aðgerðir, sem kveðið er á um í ályktun öryggisráðs SP nr. 2374 (2017), falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er löggjöf á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til þess að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.

3) Í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi og rétturinn til verndar persónuupplýsingum. Beita ætti ákvæðum reglugerðar þessarar með hliðsjón af þessum réttindum.

4) Vald til að breyta skránum í I. viðauka við reglugerð þessa ætti að vera í höndum ráðsins í ljósi þeirrar sérstöku ógnunar við frið og öryggi á alþjóðavísu sem ástandið í Malí skapar og til þess að tryggja samræmi við gildandi aðferð við að breyta og endurskoða viðaukann við ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775.

5) Vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar og til að skapa sem mesta réttarvissu innan Sambandsins ætti að birta nöfn og aðrar upplýsingar sem máli skipta, um þá einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem nauðsynlegt er að frysta fjármuni og efnahagslegan auð hjá samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Öll vinnsla persónuupplýsinga ætti að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 (2) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB (3).

6) Aðildarríkin ættu að ákveða viðurlög sem gilda um brot gegn þessari reglugerð. Viðurlögin, sem kveðið er á um, ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

- a) „krafa“: hvers kyns krafa, hvort sem henni er haldið fram í dómsmáli eða ekki, sem er gerð fyrir eða eftir þann dag þegar reglugerð þessi öðlast gildi og er samkvæmt eða tengist samningi eða viðskiptum og felur einkum í sér:
- i. kröfu um efndir skuldbindinga sem leiðir af eða tengjast samningi eða viðskiptum,
  - ii. kröfu um framlengingu eða greiðslu skuldabréfs, fjárhagslegrar tryggingar eða skaðleysisbóta í hvaða mynd sem er,
  - iii. bótakröfu í tengslum við samning eða viðskipti,
  - iv. gagnkröfu,
  - v. kröfu um viðurkenningu eða fullnustu, m.a. með exequatur, dóms, úrskurðar gerðardóms eða jafngildrar ákvörðunar, óháð því hvar hann eða hún er kveðin upp eða tekin,
- b) „samningur eða viðskipti“: hvers kyns viðskipti, óháð því hvaða lög gilda um þau, hvort sem um er að ræða einn samning eða fleiri eða á móta skuldbindingar sem sömu eða mismunandi aðilar ganga frá sín á milli; í þessu sambandi felst í hugtakinu „samningur“ skuldabréf, ábyrgð eða skaðleysistrygging, einkum fjárhagsleg trygging eða fjárhagsleg skaðleysistrygging, og lán, hvort sem þau eru lagalega óháð eður ei, einnig tengd ákvæði sem verða til vegna viðskiptanna eða í tengslum við þau,
- c) „lögbær stjórnvöld“: lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem talin eru upp í II. viðauka,
- d) „efnahagslegur auður“: eignir af hvers kyns toga, hvort heldur efnislegar eða óefnislegar, lausafé eða fasteignir, sem eru ekki fjármunir, en unnt er að nota til að afla fjármuna, vöru eða þjónustu,
- e) „fyrsting efnahagslegs auðs“: að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vara eða þjónustu, þ.m.t., en þó ekki eingöngu, með sölu, leigu eða veðsetningu hans,
- f) „fyrsting fjármuna“: að koma í veg fyrir hvers konar flutning, yfirfærslu, breytingu eða notkun fjármuna, aðgang að þeim eða viðskipti með þá, á einhvern þann hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. stýring eignasafns,
- g) „fjármunir“: hvers konar fjáreignir og ágóði, þ.m.t., en þó ekki eingöngu,:
- i. reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstávísanir og aðrir greiðslugerningar,
  - ii. inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum rekstrareiningum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar,
  - iii. verðbréf eða skuldaskjöl, sem viðskipti eru með á almennum markaði og utan hans, þ.m.t. hlutabréf og eignarhlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, skuldaviðurkenningar, ábyrgðir, óveðtryggð skuldabréf og afleiðusamningar,
  - iv. vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem safnast upp vegna eigna eða myndast af eignum,
  - v. lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, fullnustuábyrgðir eða aðrar fjárskuldbindingar,
  - vi. bankaábyrgðir, farmbréf, sölureikningar og
  - vii. skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í fjármunum eða fjármagni,
- h) „framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“: nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem var komið á fót skv. 9. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2374 (2017),
- i) „yfirráðasvæði Evrópusambandsins“: þau yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn tekur til, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, þ.m.t. loftrými þeirra.

## 2. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem beint eða óbeint tilheyrir, er í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í I. viðauka.

2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur þeim einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem eru á skrá í I. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti, eða koma þeim til góða.

3. I. viðauki skal taka til einstaklinga og lögaðila, rekstrareininga og stofnana, auk aðila og rekstrareininga sem starfa á þeirra vegum eða eftir fyrirmælum þeirra og rekstrareininga sem eru í eigu eða undir stjórn þeirra, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint að:

a) taki þátt í átökum sem brjóta gegn samningnum um frið og sættir í Malí (hér á eftir nefndur „samningurinn“),

b) ástundi aðgerðir sem hindra, hindra vegna stöðugra tafa eða ógna framkvæmd samningsins,

c) starfi fyrir, eða fyrir hönd, eða samkvæmt fyrirmælum aðila eða rekstrareininga sem eru tilgreind í aog b-lið, eða styðji þá á annan hátt eða fjármagni þá, þ.m.t. með ávinningi af skipulagðri afbrotastarfsemi, m.a. framleiðslu og ólögmætum viðskiptum með fíkniefni og forefni þeirra sem eiga uppruna sinn í Malí eða sem fara í gegnum Malí, mansali og smygli á farandfólki, smygli og ólögmætum viðskiptum með vopn og ólögmætum viðskiptum með menningareignir,

d) taki þátt í að skipuleggja, stjórna, styrkja eða gera árásir á:

i. hina ýmsu aðila sem vísað er til í samningnum, þ.m.t. staðar-, svæðis- og ríkisstofnanir, sameiginlegar eftirlitssveitir og öryggis- og varnarlið Malí,

ii. friðargæsluliða margþættrar, samþættrar sendisveitar Sameinuðu þjóðanna um stöðugleika í Malí (MINUSMA) og annað starfsfólk SP og tengt starfslið, þ.m.t. meðlimi í sérfræðinganeftinni,

iii. alþjóðlegar öryggissveitir á staðnum, þ.m.t. sameiginlegan liðsafla G5 Sahel-rikjanna (FC-G5S), sendisveitir Evrópusambandsins og franska liðsaflann,

e) hindri mannúðaraðstoð við Malí eða aðgang að mannúðaraðstoð eða úthlutun hennar í Malí,

f) taki þátt í að skipuleggja, stjórna eða fremja verknaði í Malí sem brjóta í bága við alþjóðleg mannréttindalög eða alþjóðlegan mannúðarrétt, eftir því sem við á, eða sem eru mannréttindabrot, m.a. aðgerðir sem beinast gegn almennum borgurum, þ. á m. konum og börnum, með ofbeldisverkum (þ.m.t. manndráp, lemstrun, pyntingar eða nauðgun eða annað kynferðislegt ofbeldi), brottnám, mannshvörf af mannavöldum, nauðungarflutningar eða árásir á skóla og sjúkrahús, trúarlega staði eða staði þar sem almennir borgarar leita skjóls,

g) noti eða taki börn í þjónustu vopnaðra hópa eða vopnaðra herja og brjóti þannig gegn gildandi reglum þjóðarréttar, í vopnuðum átökum í Malí,

h) greiði, vitandi vits, fyrir ferðum aðila sem er á skrá, og brjóti þannig gegn ferðatakmarkunum.

4. Í I. viðauka skal tilgreina ástæður þess að viðkomandi einstaklingar eða lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir eru færð á skrá.

5. Í I. viðauka komi og fram nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, sem gera kleift að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, ríkisfang, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.

## 3. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:

- a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga sem eru á skrá í I. viðauka og aðstandenda á framfæri einstaklinganna, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlana, lyfja og læknismeðferðar, skattheimtu, tryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- b) einungis ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun eða til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,
- c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknanir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, að því tilskildu að lögbært stjórnvald hlutaðeigandi aðildarríkis hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um fyrrnefnda ákvörðun og þá fyrirætlun sína að veita leyfi og að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ekki andmælt þeirri tilhögun innan fimm virkra daga frá fyrrnefndri tilkynningu.

2. Þrátt fyrir 2. gr. mega lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimila affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja við eiga, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að lögbært stjórnvald hlutaðeigandi aðildarríkis hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá ákvörðun og að nefndin hafi samþykkt hana.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að því tilskildu að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir ákveði, í hverju tilviki fyrir sig, að slík undanþága myndi stuðla að markmiðum um frið og þjóðarsátt í Malí og stöðugleika á svæðinu.

4. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt samkvæmt þessari grein.

## 4. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag ákvörðunar dómstóls, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms sem tekin var fyrir þann dag þegar sá einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun sem um getur í 2. gr. var færður á skrána í I. viðauka, eða andlag dóms-, stjórnarsýslu- eða gerðardómsveðs sem stofnaðist fyrir þann dag,
- b) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði einungis notaður til að uppfylla kröfur, sem ákvörðunin í a-lið tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt henni, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila, sem eiga slíkar kröfur, kveða á um,
- c) að ákvörðunin eða veðið sé ekki í þágu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í I. viðauka,
- d) að viðurkenning ákvörðunarinnar eða veðsins stríði ekki gegn allsherjarreglu í hlutaðeigandi aðildarríki, og
- e) að það aðildarríki þar sem ákvörðunin var tekin eða veðið var stofnað hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um hana eða það. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt skv. 1. mgr.

## 5. gr.

1. Þrátt fyrir 2. gr. og að því tilskildu að greiðsla einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er færð á skrá í I. viðauka, eigi að fara fram samkvæmt samningi eða samkomulagi, sem viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun gerðu, eða samkvæmt skuldbindingu, sem viðkomandi bar að sinna, fyrir þann dag er einstaklingurinn, lögaðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin hafði verið færð á skrá í I. viðauka, geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, affrýstingu tiltekinna frýstra fjármuna eða efnahagslegs auðs, að því tilskildu að viðkomandi lögbært stjórnvald hafi komist að raun um:

- a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður skuli notaður sem greiðsla af hálfu einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í I. viðauka,
  - b) að greiðslan sé ekki brot á ákvæði 2. mgr. 2. gr. og
  - c) að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá fyrirætlun að veita heimild 10 virkum dögum fyrirfram.
2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt skv. 1. mgr.

## 6. gr.

1. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. koma ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir, sem taka við fjármunum sem þriðju aðilar yfirfæra inn á reikninga einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá, færi þá til tekna á frystum reikningum, að því tilskildu að það viðbótarfé sem þannig er fært á slíka reikninga sé einnig frýst. Hlutaðeigandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbæru stjórnvaldi um þess háttar viðskipti án tafar.

2. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. gilda ekki þegar eftirtaldir fjármunir eru lagðir inn á frýsta reikninga:

- a) vextir eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum eða
- b) greiðslur samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem um getur í 2. gr., var færð á skrá í I. viðauka, að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur séu frýst skv. 2. gr.

## 7. gr.

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu, með fyrirvara um gildandi reglur um skýrslugjöf, trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu:

- a) beina, án tafar, öllum upplýsingum, sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að fara að ákvæðum reglugerðar þessarar, t.d. upplýsingum um reikninga og fjárhæðir, sem eru frýst skv. 2. gr., til viðkomandi lögbærs stjórnvalds í því aðildarríki þar sem þeir eða þær hafa heimilisfesti eða eru staðsettir eða staðsettar, og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar milliliðalaust eða fyrir atbeina aðildarríkisins og
- b) vinna með lögbæra stjórnvaldinu að því að sannreyna þessar upplýsingar.

2. Allar viðbótarupplýsingar, sem framkvæmdastjórnin veitir viðtöku beint, skulu gerðar aðgengilegar aðildarríkjunum.

3. Upplýsingar, sem eru látnar í té eða er veitt viðtaka í samræmi við þessa grein, skal eingöngu nota í þeim tilgangi sem leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim var veitt viðtaka.

## 8. gr.

Lagt skal bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þær aðgerðir, er um getur í 2. gr., séu sniðgengnar.

## 9. gr.

1. Ef fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur, eða ef synjað er um aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði, í góðri trú, á þeirri forsendu að slík aðgerð sé í samræmi við reglugerð þessa, bera þeir einstaklingar, lögaðilar eða rekstrareiningar eða stofnanir, sem annast framkvæmd slíkrar aðgerðar eða hlutaðeigandi stjórnendur eða starfsmenn, ekki ábyrgð af neinu tagi, nema sannað þyki að fjármunirnir og hinn efnahagslegi auður hafi verið frystir eða synjað hafi verið um aðgang að þeim af gáleysi.

2. Aðgerðir einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana skapar þeim ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þeir eða þær vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við þær aðgerðir sem settar eru fram í þessari reglugerð.

## 10. gr.

1. Óheimilt er að efna kröfur, sem tengjast samningi eða viðskiptum, þegar aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. bótakröfur eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfu vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta, einkum fjárhagslegrar ábyrgðar eða fjárhagslegra skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

- a) tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem skráð eru í I. viðauka,
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra aðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a-lið.

2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað eftir ákvæðum 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.

3. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um rétt þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana, er um getur í 1. mgr., til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmæti þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við reglugerð þessa.

## 11. gr.

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu upplýsa hvert annað um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvert öðru aðrar upplýsingar sem máli skipta og þau búa yfir í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar um:

- a) frysta fjármuni skv. 2. gr. og heimildir sem veittar eru skv. 3., 4. og 5. gr.,
- b) brot á ákvæðum hennar og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um úrskurði innlendra dómstóla.

2. Aðildarríkin skulu tafarlaust upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um aðrar viðeigandi upplýsingar sem þau búa yfir og gætu haft áhrif á skilvirka framkvæmd reglugerðar þessarar.

## 12. gr.

1. Færi öryggisráðið eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á skrá, skal ráðið fella slíkan einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun inn í I. viðauka.

2. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun er um getur í 1. mgr., m.a. ástæðu þess að viðkomandi er færður á skrá, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

3. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem um getur í 1. mgr., um niðurstöðuna.

4. Ákveði Sameinuðu þjóðirnar að taka einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun af skrá eða breyta gögnum sem auðkenna einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem hefur verið færð á skrá, skal ráðið gera viðeigandi breytingar á I. viðauka.

5. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að breyta II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.

## 13. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

## 14. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru stjórnvöld er um getur í þessari reglugerð og tilgreina þau á vefsetrunum sem tilgreind eru í II. viðauka. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers kyns breytingar á vefköngum vefsetra sinna sem tilgreind eru í II. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hver lögbær stjórnvöld þeirra eru, m.a. um hvernig ná má sambandi við þau, strax eftir að þessi reglugerð öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

3. Sé gerð krafa, samkvæmt þessari reglugerð, um að senda framkvæmdastjórninni tilkynningar eða upplýsingar eða hafa samband við hana á annan hátt skulu heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar, sem nota skal til slíkra samskipta, vera þau sem gefin eru upp í II. viðauka.

## 15. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í loftrými þess,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern einstakling innan eða utan yfirráðasvæðis Sambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, innan eða utan yfirráðasvæðis Sambandsins, sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Sambandsins.

## 16. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2017.

Fyrir hönd ráðsins,  
M. MAASIKAS  
forseti.

(1) Stjtið. ESB L 251, 29.9.1017, bls. 23.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

## VIÐAUKI

## VIÐAUKI

I. viðauki er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://data.europa.eu/eli/reg/2017/1770/oj>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB

(<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**FYLGISKJAL 1.1.**

Fylgiskjal 1.1.

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2019/29**

frá 9. janúar 2019

um breytingu ákvörðunar (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí

Viðauka við ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.

(Efnisútdráttur).

**VIÐAUKI**[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: [http://data.europa.eu/eli/dec\\_impl/2019/29/oj](http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2019/29/oj).

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eur-lex.europa.eu/homepage.html?locale=en>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér:

[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.)]**FYLGISKJAL 1.2.**

Fylgiskjal 1.2.

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2019/1216**

frá 17. júlí 2019

um breytingu ákvörðunar (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí

Viðauka við ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.

(Efnisútdráttur).

**VIÐAUKI**[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: [http://data.europa.eu/eli/dec\\_impl/2019/1216/oj](http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2019/1216/oj).

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eur-lex.europa.eu/homepage.html?locale=en>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér:

[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.)]**FYLGISKJAL 1.3.**

Fylgiskjal 1.3.

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2020/9**

frá 7. janúar 2020

um breytingu ákvörðunar (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí

Viðauka við ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.

(Efnisútdráttur).

**VIÐAUKI**

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: [http://data.europa.eu/eli/dec\\_impl/2020/09/oj](http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2020/09/oj).  
Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.  
Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eur-lex.europa.eu/homepage.html?locale=en>.  
Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:  
[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.)]

#### FYLGISKJAL 1.4.

Fylgiskjal 1.4.

##### FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2020/118

frá 27. janúar 2020

um breytingu ákvörðunar (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí.

Viðauka við ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.  
(Efnisútdráttur).

#### VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: [http://data.europa.eu/eli/dec\\_impl/2020/118/oj](http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2020/118/oj).  
Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.  
Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eur-lex.europa.eu/homepage.html?locale=en>.  
Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:  
[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.)]

#### FYLGISKJAL 1.5.

Fylgiskjal 1.5.

##### ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/2208

frá 13. desember 2021

um breytingu ákvörðunar (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí.

## RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,  
með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,  
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 28. september 2017 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775(1) um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí.
- 2) Leiðtogaráðið samþykkti ályktanir 24. og 25. maí 2021 þar sem það fordæmdi harðlega valdaránið sem átti sér stað í Malí 24. maí 2021 með varðhaldi bráðabirgðaforsetans og forsætisráðherrans í Malí og lýsti því yfir að Sambandið sé reiðubúið að taka til skoðunar markvissar ráðstafanir gegn pólitískum og hernaðarlegum leiðtogum sem hindra umbreytingu Malí.
- 3) Hinn 26. maí 2021 tjáði öryggisráð Sameinuðu þjóðanna áhyggjur sínar af áhættunni á neikvæðum áhrifum af fyrrnefndum atburðum 24. maí 2021 á yfirstandandi aðgerðir í baráttunni gegn hryðjuverkum, framkvæmd samningsins um frið og sættir í Malí (hér á eftir nefndur „samningurinn“) og koma á stöðugleika í miðhluta Malí.
- 4) Hinn 29. júní 2021 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2584 (2021) þar sem það fordæmdi enn fremur atburðina 24. maí 2021 og lét í ljós umtalsverða óþolinmæði gagnvart þrálátum töfum á framkvæmd samningsins. Það hvatti alla hagsmunaaðila í Malí til að liðka fyrir því að pólitísk umskipti og yfirfærsla valda til kjörinna borgaralegra yfirvalda verði að fullu að veruleika á 18 mánaða umbreytingartímabilinu, eins og ákveðið var á fundi Efnahagsbandalags Vestur-Afríkuríkja (ECOWAS) 15. september 2020. Það hvatti umbreytingarstjórn Malí til að skipuleggja frjálssar og sanngjarnar kosningar til forseta og löggjafarþings, áætlaðar 27. febrúar 2022, ásamt héraðs- og sveitarstjórnarkosningum og þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá, eins og við á, innan þessa 18 mánaða tímaramma.
- 5) Hinn 18. október 2021 tók ráðið ástandið í Malí til umræðu og tilgreindi að mögulegt væri að taka þvingunaraðgerðir til athugunar, til stuðnings aðgerða á vegum Efnahagsbandalags Vestur-Afríkuríkja, og í samræmi við ályktanir sem leiðtogaráðið samþykkti í maí, gegn þeim sem hindra umbreytingaráætlunina.
- 6) Hinn 7. nóvember 2021 harmaði Efnahagsbandalag Vestur-Afríkuríkja skort á framvindu í undirbúningi kosninganna, þ.m.t. vöntun á nákvæmri tímaáætlun aðgerða til að halda kosningar á samþykktum dagsetningum. Það ítrekaði að nauðsynlegt er að fylgja umbreytingaráætluninni að því er varðar kosningar sem áætlaðar eru 27. febrúar 2022 og hvatti umbreytingaryfirvöld til að aðhafast til samræmis við það til að tryggja að snúið sé skjótt aftur til stjórnskipulegrar reglu. Það hvatti samfélag þjóðanna til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að umbreytingaryfirvöld virði skuldbindingar sínar um að snúa skjótt aftur til stjórnskipulegrar reglu. Það ákvað að beita tafarlausum refsiaðgerðum gegn auðkenndum einstaklingum og hópum, þ.m.t. umbreytingaryfirvöldum í heild sinni og öðrum umbreytingarstofnunum. Það hvatti tvíhliða og marghliða samstarfsaðila til að styðja við framkvæmd þessara refsiaðgerða.
- 7) Hinn 15. nóvember 2021 samþykkti ráðið að koma á fót sérstökum ramma fyrir þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí til að styðja ákvörðun Efnahagsbandalags Vestur-Afríkuríkja frá 7. nóvember 2021.
- 8) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775 til samræmis við það.
- 9) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að framkvæma tiltekna aðgerðir.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

- Ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775 er breytt sem hér segir:
- 1) Í stað „viðaukanum“ í 1. og 5. mgr. 1. gr. kemur „I. viðauka“.
- 2) Eftirfarandi grein er bætt við á eftir 1. gr.: „1. a
1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari einstaklingar sem:
- a) bera ábyrgð á, eru samsekir í eða hafa tekið beinan eða óbeinan þátt í aðgerðum eða stefnum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Malí, eins og þeim aðgerðum eða stefnum sem um getur í 1. mgr. 1. gr.,
- b) ógna eða grafa undan því að unnt verði að ljúka pólitísku umbreytingarferli í Malí, þ.m.t. með því að ógna eða grafa undan því að unnt verði að halda kosningar eða færa völd til kjörinna yfirvalda, eða
- c) tengjast einstaklingum sem um getur í a- eða b-lið. Þeir tilgreindu aðilar er um getur í málsgrein þessari eru á skrá í II. viðauka.
2. Ákvæði 1. mgr. skuldbinda ekki aðildarríki til að meina eigin ríkisborgurum komu inn á yfirráðasvæði sitt.
3. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á þau tilvik þegar aðildarríki er skuldbundið að þjóðarétti, nánar tiltekið:
- a) sem gistiland alþjóðlegrar milliríkjastofnunar,
- b) sem gistiland alþjóðlegrar ráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða fram fer á þeirra vegum,
- c) samkvæmt marghliða samningi þar sem kveðið er á um forréttindi og friðhelgi eða
- d) samkvæmt sáttasamningnum frá 1929 (Lateran-samningnum) sem Páfagarður (Vatikanborgrikið) og Ítalía gerðu sín á milli.
4. Ákvæði 3. mgr. skulu einnig eiga við í tilvikum þar sem aðildarríki er gistiland Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE).
5. Ráðinu skal tilkynnt með viðeigandi hætti um öll tilvik þegar aðildarríki veitir undanþágu skv. 3. eða 4. mgr.
6. Aðildarríki geta veitt undanþágur frá þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 1. mgr. ef ferð er réttlætt af knýjandi mannúðarástæðum eða með þátttöku í fundum alþjóðlegrar milliríkjastofnunar og fundum sem Sambandið styður eða heldur eða sem haldnir eru í því aðildarríki sem fer með formennsku í ÖSE hverju sinni, þar sem fram fara stjórn málaumræður sem efla með beinum hætti stefnumarkmið þvingunaraðgerðanna.
7. Aðildarríki geta einnig veitt undanþágur frá þeim aðgerðum sem kveðið er á um í 1. mgr. ef koma eða gegnumferð er nauðsynleg til þess að meðferð dómstóla geti farið fram.
8. Aðildarríki, sem óskar eftir að veita undanþágur, sem um getur í 6. eða 7. mgr., skal tilkynna ráðinu það skriflega. Undanþágan skal teljast veitt nema eitt eða fleiri aðildarríki andmæli því skriflega innan tveggja virkra daga frá því að tilkynning berst um fyrirhugaða undanþágu. Ef eitt eða fleiri aðildarríki hreyfa andmælum getur ráðið tekið ákvörðun, með auknum meirihluta, um að veita fyrirhugaða undanþágu.
9. Heimili aðildarríki, skv. 3., 4., 6. eða 7. mgr., að aðilar, sem eru á skrá í II. viðauka, komi inn á yfirráðasvæði sitt eða fari þar um, skal heimildin einskorðast við þann tilgang sem hún er veitt í og við þá aðila sem málið varðar beint.“
- 3) Í stað „viðaukanum“ í 1. og 2. mgr. og b-lið 4. mgr. 2. gr. kemur „I. viðauka“.
- 4) Eftirfarandi grein er bætt við á eftir 2. gr.: „2. a
1. Allir fjármunir og efnahagslegur auður, sem með beinum eða óbeinum hætti er í eigu eða undir yfirráðum einstaklinga, lögaðila, rekstraraðila eða stofnana sem:
- a) bera ábyrgð á, eru samsekir í eða hafa tekið beinan eða óbeinan þátt í aðgerðum eða stefnum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Malí, eins og þeim aðgerðum eða stefnum sem um getur í 1. mgr. 2. gr.,
- b) ógna eða grafa undan því að unnt verði að ljúka pólitísku umbreytingarferli í Malí, þ.m.t. með því að ógna eða grafa undan því að unnt verði að halda kosningar eða færa völd til kjörinna yfirvalda, eða
- c) tengjast einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a- eða b-lið, skulu frystir. Þeir tilgreindu einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, er um getur í málsgrein þessari eru á skrá í II. viðauka.
2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem eru á skrá í II. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti, eða koma þeim til góða.
3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:

a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á skrá í II. viðauka og aðstandenda á framfæri einstaklinganna, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, váttryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda, b) einungis ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun og til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu, c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, d) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að lögbært stjórnvald hafi kunngjört lögbærum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita ætti sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en heimildin er veitt, eða e) til þess að greiða inn á eða út af reikningi sendi- eða ræðiskrifstofu eða alþjóðastofnunar, sem nýtur friðhelgi að þjóðarétti, að því leyti sem slíkar greiðslur eru ætlaðar til nota í opinberum tilgangi af hálfu viðkomandi sendi- eða ræðiskrifstofu eða alþjóðastofnunar.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt. 4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag ákvörðunar gerðardóms, sem fyrir liggur fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í 1. mgr., var færð á skrá í II. viðauka, eða andlag ákvörðunar dómstóls eða stjórnvalds innan Sambandsins eða ákvörðunar dómstóls sem er aðfararhæf í viðkomandi aðildarríki fyrir eða eftir þann dag, b) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði einungis notaður til að uppfylla kröfur, sem fyrrnefnd ákvörðun tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt henni, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila, sem eiga slíkar kröfur, kveða á um, c) ákvörðunin sé ekki í þágu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð í II. viðauka og d) að viðurkenning ákvörðunarinnar stríði ekki gegn allsherjarreglu í viðkomandi aðildarríki. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt. 5. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem er á skrá í II. viðauka, geti innt af hendi greiðslu samkvæmt samningi sem var gerður eða samkomulagi sem var gert, eða samkvæmt skuldbindingu, áður en slíkur einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun var færð á skrána, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi gengið úr skugga um að einstaklingurinn, lögaðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin, sem um getur í 1. mgr., fái ekki greiðsluna í hendur með beinum eða óbeinum hætti.

6. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um viðbót við frysta reikninga í formi: a) vaxta eða annarra tekna af fyrrnefndum reikningum,

b) greiðslna, sem inna ber af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum, sem urðu til áður en þessir reikningar féllu undir aðgerðirnar sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. eða c) greiðslna sem inna ber af hendisamkvæmt ákvörðunum dóms, stjórnvalds eða gerðardóms sem teknar eru í Sambandinu eða eru aðfararhæfar í viðkomandi aðildarríki, að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur falli áfram undir aðgerðirnar sem kveðið er á um í 1. mgr.

7. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða brottflutningur frá Malí. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

5) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi: „3. gr.

1. Ráðið skal ákveða skrána í I. viðauka og breyta henni í samræmi við ákvarðanir öryggisráðsins eða framkvæmdanendarinnar um þvingunaraðgerðir.

2. Ráðið skal einróma, að fenginni tillögu frá aðildarríki eða æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og

öryggismálum („æðsti fulltrúinn“), stofna skrána í II. viðauka og gera breytingar á henni.“  
6) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:  
„4. gr.

1. Tilgreini öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir aðila eða rekstrareiningu skal ráðið fella þann aðila eða þá rekstrareiningu inn í I. viðauka. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæður þess að viðkomandi er færður á skrá, hlutaðeigandi aðila eða rekstrareiningu, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum aðila eða rekstrareiningu býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

2. Ráðið skal tilkynna ákvörðunina, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., m.a. ástæðu þess að viðkomandi er færður á skrá, þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem í hlut á, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

3. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi aðila eða rekstrareiningu um niðurstöðuna.“

7) Í stað 5. gr. kemur eftirfarandi:  
„5. gr.

1. Ástæður þess að viðkomandi aðilar og rekstrareiningar eru færð á skrá, þær sömu og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir færir fram, skulu koma fram í I. viðauka.

2. Í I. viðauka skulu einnig koma fram upplýsingar, liggi þær fyrir, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir láta í té og nauðsynlegar eru til þess að bera kennsl á hlutaðeigandi einstaklinga eða rekstrareiningar. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, ríkisfang, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar rekstrareiningar geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.

3. Í II. viðauka skal tilgreina ástæður þess að einstaklingarnir, lögaðilarnir, rekstrareiningarnar og stofnanirnar, sem þar um getur, eru færð á skrá.

4. Í II. viðauka skulu einnig vera nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra og tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, ríkisfang, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.“

8) Eftirfarandi greinum er bætt við á eftir 5. gr.:  
„5. gr. a

1. Ráðið og æðsti fulltrúinn skulu vinna persónuupplýsingar til að geta sinnt verkefnum sínum samkvæmt ákvörðun þessari, einkum:

a) að því er varðar ráðið, vegna undirbúnings og breytinga á I. og II. viðauka,  
b) að því er varðar æðsta fulltrúann, vegna undirbúnings breytinga á I. og II. viðauka.

2. Ráðinu og æðsta fulltrúanum er, eftir atvikum, heimilt að vinna viðeigandi upplýsingar sem varða refsiverð brot, framin af skráðum einstaklingum, sakfellingar í refsímálum eða öryggisráðstafanir, sem varða slíka einstaklinga, að því marki sem slík vinnsla er nauðsynleg vegna undirbúnings I. og II. viðauka.

3. Að því er varðar þessa ákvörðun eru ráðið og fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum tilgreind sem „ábyrgðaraðili“ í skilningi 8. liðar 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725(\*1) til að tryggja að viðkomandi einstaklingar geti neytt réttar síns samkvæmt þeirri reglugerð.

5. gr. b

Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt ákvörðun þessari, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. bótakröfur eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða fjárhagslegra skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

a) tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í II. viðauka,  
b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a-lið.“

(\*1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um fjálssa

miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39).

9) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

1. Breyta ber ákvörðun þessari eða fella hana úr gildi, eftir því sem við á, í samræmi við ákvarðanir öryggisráðsins.

2. Ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. 1. gr. a, og 1. og 2. mgr. 2. gr. a skulu gilda til 14. desember 2022 og vera í stöðugri endurskoðun. Þær skal framlengja eða breyta, eftir atvikum, telji ráðið að markmiðum þeirra hafi ekki verið náð.“

10) Viðaukanum er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 13. desember 2021.

Fyrir hönd ráðsins,  
forseti.

J. BORRELL FONTELLES

(1) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1775 frá 28. september 2017 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí (Stjtið. ESB L 251, 29.9.2017, bls. 23).

VIÐAUKI

1. Viðaukinn við ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775 fær heitið I. viðauki.

2. II. viðauka er bætt við með eftirfarandi liðum:

„II. VIÐAUKI

A. Skrá yfir einstaklinga sem um getur í 1. mgr. 1. gr. a.

B. Skrá yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem um getur í 1. mgr. 2. gr. a.“

#### FYLGISKJAL 1.6.

Fylgiskjal 1.6.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/157  
frá 4. febrúar 2022

um breytingu ákvörðunar (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí

Viðauka II við ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.

(Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/157/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eur-lex.europa.eu/homepage.html?locale=en>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.)

#### FYLGISKJAL 1.7.

Fylgiskjal 1.7.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/2187  
frá 8. nóvember 2022

um breytingu ákvörðunar (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí

Viðauka I við ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa.

(Efnisútdráttur).

## VIDAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: [http://data.europa.eu/eli/dec\\_impl/2022/2187/oj](http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2022/2187/oj).  
Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.  
Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eur-lex.europa.eu/homepage.html?locale=en>.  
Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:  
[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.)]

## FYLGISKJAL 2.1.

Fylgiskjal 2.1.

## FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (SSUÖ) 2020/8

frá 7. janúar 2020

um breytingu reglugerðar (SSUÖ) 2017/1770 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí

Viðauka I við reglugerð (SSUÖ) 2017/1770 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við reglugerð þessa.  
(Efnisútdráttur).

## VIDAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2020/08/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/08/oj).  
Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópu. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.  
Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eur-lex.europa.eu/homepage.html?locale=en>.  
Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:  
[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.)]

## FYLGISKJAL 2.2.

Fylgiskjal 2.2.

## FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (SSUÖ) 2020/116

frá 27. janúar 2020

um breytingu reglugerðar (SSUÖ) 2017/1770 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí

Viðauka I við reglugerð (SSUÖ) 2017/1770 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við reglugerð þessa.  
(Efnisútdráttur).

## VIDAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2020/116/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/116/oj).  
Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.  
Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eur-lex.europa.eu/homepage.html?locale=en>.  
Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:  
[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.)]

## FYLGISKJAL 2.3.

Fylgiskjal 2.3.

## REGLUGERÐ RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/2201

frá 13. desember 2021

um breytingu reglugerðar (SSUÖ) 2017/1770 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí

## RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1775 frá 28. september 2017 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí(1),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1770(2) er ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775 komið til framkvæmda og kveðið á um ferðatakmarkanir og frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs tiltekinna aðila sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna („öryggisráðið“) eða viðkomandi framkvæmdanefnd Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint að séu ábyrgir fyrir eða eigi hlutdeild í eða hafi, beint eða óbeint, tekið þátt í aðgerðum eða stefnum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Malí.

2) Í ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/2208(3) er komið á fót viðmiðunum fyrir óháða skráningu Sambandsins.

3) Lagasetning á vettvangi Sambandsins er því nauðsynleg til að koma í framkvæmd ákvörðun (SSUÖ) 2021/2208, einkum til að tryggt sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti henni með samræmdum hætti.

4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2017/1770 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

- Reglugerð (ESB) 2017/1770 er breytt sem hér segir:
- 1) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:
- „2.
1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem með beinum eða óbeinum hætti tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í I. viðauka eða I. viðauka a.
2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur þeim einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem tilgreindar eru í I. viðauka eða I. viðauka a, með beinum eða óbeinum hætti, eða koma þeim til góða.“
- 2) Eftirfarandi greinum er bætt við á eftir 2. gr.:
- „2.
1. Inn í I. viðauka skal fella einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint að:
- a) taki þátt í átökum sem brjóta gegn samningnum um frið og sættir í Malí (hér á eftir nefndur „samningurinn“),
- b) ástundi aðgerðir sem hindra, sem hindra vegna stöðugra tafa eða sem ógna framkvæmd samningsins,
- c) starfi fyrir, eða fyrir hönd, eða samkvæmt fyrirmælum aðila eða rekstrareininga sem eru tilgreind í aeða b-lið, eða styðji þá á annan hátt eða fjármagni þá, þ.m.t. með ávinningi af skipulagðri afbrotastarfsemi, m.a. framleiðslu og ólögmætum viðskiptum með fíkniefni og forefni þeirra sem eiga uppruna sinn í Malí eða sem fara í gegnum Malí, mansali og smygli á farandfólki, smygli og ólögmætum viðskiptum með vopn og ólögmætum viðskiptum með menningareignir,
- d) taki þátt í að skipuleggja, stjórna, styrkja eða gera árásir á:
- i. hina ýmsu aðila sem vísað er til í samningnum, þ.m.t. staðar-, svæðis- og ríkisstofnanir, sameiginlegar eftirlitssveitir og öryggis- og varnarlið Malí,
- ii. friðargæsluliða margþættrar, samþættrar sendisveitar Sameinuðu þjóðanna um stöðugleika í Malí (MINUSMA) og annað starfsfólk SP og tengt starfslið, þ.m.t. meðlimi í sérfræðinganeftirgöngu,
- iii. alþjóðlegar öryggissveitir á staðnum, þ.m.t. sameiginlegan liðsafla G5 Sahel-rikjanna (FC-G5S), sendisveitir Evrópusambandsins og franska liðsaflann,
- e) hindra mannúðaraðstoð við Malí eða aðgang að mannúðaraðstoð eða miðlun hennar í Malí,
- f) taki þátt í að skipuleggja, stjórna eða fremja verknaði í Malí sem brjóta í bága við alþjóðleg mannréttindalög eða alþjóðlegan mannúðarrétt, eftir því sem við á, eða sem eru mannréttindabrot, m.a. aðgerðir sem beinast gegn almennum borgurum, þ. á m. konum eða börnum, með ofbeldisverkum (þ.m.t. manndráp, lemstrun, pyntingar eða nauðgun eða annað kynferðislegt ofbeldi), brottnám, mannhvörf af manna völdum, nauðungarflutningar eða árásir á skóla og sjúkrahús, trúarlega staði eða staði þar sem almennir borgarar leita skjóls,
- g) noti eða taki börn í þjónustu vopnaðra hópa eða vopnaðra herja og brjóti þannig gegn gildandi reglum þjóðarréttar, í vopnuðum átökum í Malí, eða
- h) greiði, vitandi vits, fyrir ferðum aðila sem er á skrá, og brjóti þannig gegn ferðatakmarkunum.
2. Í I. viðauka skal tilgreina ástæður þess að viðkomandi einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir eru færðar á skrá.
3. Í I. viðauka skulu einnig vera nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, ríkisfang, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.
2. gr. b
1. Inn í I. viðauka a skal fella einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem ráðið hefur tilgreint vegna einhvers af eftirtöldu:
- a) sem bera ábyrgð á, eru samsekir í eða hafa tekið beinan eða óbeinan þátt í aðgerðum eða stefnum sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika í Malí, eins og þeim aðgerðum eða stefnum sem um getur í 1. mgr.
2. gr. a, eða
- b) sem ógna eða grafa undan því að unnt verði að ljúka pólitísku umbreytingarferli í Malí, þ.m.t. með því að ógna eða grafa undan því að unnt verði að halda kosningar eða færa völd til kjörinna yfirvalda, eða
- c) sem tengjast einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a- eða b-lið.
2. Í I. viðauka a skulu koma fram ástæður þess að viðkomandi aðilar og rekstrareiningar eru færðar á skrá.
3. Í I. viðauka a skulu einnig vera nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi

einstaklinga eða rekstrareiningar. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar rekstrareiningar geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og

-dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.“

3) Í stað a-liðar 1. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:  
„a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga sem eru á skrá í I. viðauka eða I. viðauka a og aðstandenda á framfæri einstaklinganna, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknismeðferðar, skattheimtu, tryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda,“.

4) Í stað c-liðar 1. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:  
„c) einungis ætlaður til að greiða þóknarir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs og“.

5) Í stað síðustu undirgreinar 1. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:  
„ef heimildin varðar einstakling, rekstraraðila eða stofnun sem skráð er í I. viðauka og að því tilskildu að lögbært stjórnvald hlutaðeigandi aðildarríkis hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um fyrrnefnda ákvörðun og þá fyrirætlun sína að veita leyfi og að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ekki andmælt þeirri tilhögun innan fimm virkra daga frá fyrrnefndri tilkynningu.“

6) Í stað 2., 3., og 4. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:  
„2. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur vegna óreglulegra útgjalda, að því tilskildu:  
a) ef heimildin varðar einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem eru á skrá í I. viðauka, að lögbært stjórnvald hlutaðeigandi aðildarríkis hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá ákvörðun og að nefndin hafi samþykkt hana og  
b) varði heimildin einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem skráð er í I. viðauka a, að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt öðrum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita ætti sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en hún er veitt.  
3. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að því er varðar einstakling eða lögaðila, rekstraraðila og stofnun sem skráð er í I. viðauka, geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að því tilskildu að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir ákveði, í hverju tilviki fyrir sig, að slík undanþága myndi stuðla að markmiðum um frið og þjóðarsátt í Malí og stöðugleika á svæðinu.  
4. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

7) Eftirfarandi greinum er bætt við á eftir 3. gr.:  
„3. gr. a

1. Þrátt fyrir 2. gr., og að því er varðar einstakling eða lögaðila, rekstraraðila og stofnun sem skráð er í I. viðauka a, geta lögbær stjórnvöld heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða brottflutningur frá Malí.  
2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.  
3. gr. b

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að því er varðar einstakling eða lögaðila, rekstraraðila og stofnun sem skráð er í I. viðauka a, geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði greiddur inn á eða út af reikningi sendieða ræðiskrifstofu eða alþjóðastofnunar, sem nýtur friðhelgi að þjóðarétti, að því leyti sem slíkar greiðslur eru ætlaðar til nota í opinberum tilgangi af hálfu viðkomandi sendi- eða ræðiskrifstofu eða alþjóðastofnunar.  
2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild

sem veitt er skv. 1. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“  
8) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:  
„4. gr.

1. Þrátt fyrir 2. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður, sem tilheyrir einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem eru skráðar í I. viðauka eða I. viðauka a, verði affrystur eða að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem eru skráðar í I. viðauka eða I. viðauka a, ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

- a) fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag:  
i. fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru á skrá í I. viðauka, ákvörðunar dómstóls, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms sem tekin var fyrir þann dag þegar sá einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun sem um getur í 2. gr. a, var færður á skrána í I. viðauka, eða andlag dóms-, stjórnarsýslu- eða gerðardómsveðs sem stofnaðist fyrir þann dag,  
ii. fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru á skrá í I. viðauka a, ákvörðunar gerðardóms, sem tekin var fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, er um getur í 2. gr. b, var færð á listann í I. viðauka a, eða andlag ákvörðunar dómstóls eða stjórnvalds innan Evrópusambandsins eða ákvörðunar dómstóls sem er aðfararhæf í viðkomandi aðildarríki fyrir eða eftir þann dag,  
b) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði einungis notaður til að uppfylla kröfur, sem ákvörðunin í a-lið tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt henni, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila, sem eiga slíkar kröfur, kveða á um,  
c) að ákvörðunin eða veðið sé ekki í þágu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á lista í I. viðauka eða I. viðauka a,  
d) að viðurkenning ákvörðunarinnar eða veðsins stríði ekki gegn allsherjarreglu í hlutaðeigandi aðildarríki,  
e) fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanirsem eru á skrá í I. viðauka, að það aðildarríki þar sem ákvörðunin var tekin eða veðið var stofnað hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um hana eða það.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“  
9) Í stað 5. gr. kemur eftirfarandi:  
„5. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. og að því tilskildu að greiðsla einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á skrá í I. viðauka eða I. viðauka a, eigi að fara fram samkvæmt samningi eða samkomu, sem viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun gerði, eða samkvæmt skuldbindingu, sem viðkomandi bar að sinna fyrir þann dag er einstaklingurinn, lögaðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin hafði verið skráð í I. viðauka eða I. viðauka a, geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, að því tilskildu að viðkomandi lögbær stjórnvöld hafi komist að raun um:  
a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði notaður sem greiðsla af hálfu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í I. viðauka eða I. viðauka a og  
b) að greiðslan sé ekki brot á 2. mgr. 2. gr.  
2. Fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru á skrá í I. viðauka, skal hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá fyrirætlun að veita heimild 10 virkum dögum fyrir fram.

3. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“  
10) Í stað 2. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:  
„2. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. gildir ekki um eftirtaldar viðbætur við frysta reikninga:  
a) vexti eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum,  
b) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag, sem viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem um getur í 2. gr., var færður á lista í I. viðauka eða I. viðauka a, eða  
c) greiðslur sem inna bera af hendi til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á skrá

í I. viðauka a, samkvæmt ákvörðun dómstóls, stjórnvalds eða gerðardóms sem tekin er í Evrópusambandinu eða er aðfararhæf í viðkomandi aðildarríki,

að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur séu frystar í samræmi við 2. gr.“

11) Í stað a-liðar 1. mgr. 10. gr. kemur eftirfarandi:

„a) tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í I. viðauka eða I. viðauka a,“.

12) Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

„12. gr.

1. Færi öryggisráðið eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á skrá, skal ráðið fella slíkan einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun inn í I. viðauka.

2. Ráðið skal stofna og gera breytingar á skránni yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir í I. viðauka a.

3. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun er um getur í 1. eða 2. mgr., m.a. ástæðu þess að viðkomandi er færður á skrá, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

4. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

5. Ákveði Sameinuðu þjóðirnar að taka einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun af skrá eða breyta gögnum sem auðkenna einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem hefur verið færð á skrá, skal ráðið gera viðeigandi breytingar á I. viðauka.

6. Endurskoða skal skrána í I. viðauka a með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti.

7. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að breyta II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.“

13) Eftirfarandi grein er bætt við á eftir 13. gr.:

„13. gr. a

1. Ráðið, framkvæmdastjórnin og æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) skulu vinna úr persónuupplýsingum til að geta sinnt hlutverkum sínum samkvæmt þessari reglugerð. Verkefnið eru:

a) að því er varðar ráðið, að undirbúa og gera breytingar á I. viðauka og I. viðauka a,

b) að því er varðar æðsta fulltrúann, að undirbúa breytingar á I. viðauka og I. viðauka a,

c) að því er varðar framkvæmdastjórnina:

i. að bæta efni I. viðauka og I. viðauka a við rafrænu samsteyptu skrána yfir aðila, hópa og rekstrareiningar sem sæta fjárhagslegum refsiaðgerðum Sambandsins og á gagnvirka kortið yfir refsiaðgerðir, sem bæði eru aðgengileg almenningi,

ii. að vinna upplýsingar um áhrif aðgerða sem kveðið er á um í þessari reglugerð, s.s. um verðmæti frystra fjármuna og upplýsingar um heimildir sem lögbær stjórnvöld hafa veitt.

2. Ráðinu, framkvæmdastjórninni og æðsta fulltrúanum er, eftir atvikum, heimilt að vinna viðeigandi upplýsingar sem varða refsiverð brot, framin af skráðum einstaklingum, sakfellingar slíkra einstaklinga í refsimálum eða öryggisráðstafanir sem varða þá, að því marki sem slík vinnsla er nauðsynleg vegna undirbúnings I. viðauka og I. viðauka a.

3. Að því er varðar þessa reglugerð eru ráðið, þjónustudeild framkvæmdastjórnarinnar, sem er á skrá í II. viðauka við þessa reglugerð, og æðsti fulltrúinn tilgreind sem „ábyrgðaraðili“ í skilningi 8. liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725(\*1) til að tryggja að viðkomandi einstaklingar geti neytt réttar síns samkvæmt þeirri reglugerð.

(\*1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39).“

14) Í stað fyrirsagnar I. viðauka kemur:

„Skrá yfir einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir er um getur í 2. gr. a“

15) Eftirfarandi viðauka er bætt við á eftir I. viðauka:

„I. VIÐAUKI a

Skrá yfir einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir er um getur í 2. gr. b“

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar. Gjört í Brussel 13. desember 2021.

Fyrir hönd ráðsins,  
forseti.

J. BORRELL FONTELLES

(1) Stjtið. ESB L 251, 29.9.2017, bls. 23.

(2) Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1770 frá 28. september 2017 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí (Stjtið. ESB L 251, 29.9.2017, bls. 1).

(3) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/2208 frá 13. desember 2021 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí (Stjtið. ESB L 446, 14.12.2021, bls. 44).

**FYLGISKJAL 2.4.**

Fylgiskjal 2.4.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/156  
frá 4. febrúar 2022

um breytingu reglugerðar (SSUÖ) 2017/1770 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí.

Viðauka Ia við reglugerð (SSUÖ) 2017/1770 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við reglugerð þessa.  
(Efnisútdráttur).

**VIÐAUKI**

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2022/156/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/156/oj).

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eur-lex.europa.eu/homepage.html?locale=en>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.)

**FYLGISKJAL 2.5.**

Fylgiskjal 2.5.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/2179  
frá 8. nóvember 2022

um breytingu reglugerðar (SSUÖ) 2017/1770 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí

Viðauka I við reglugerð (SSUÖ) 2017/1770 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við reglugerð þessa.  
(Efnisútdráttur).

**VIÐAUKI**

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2022/2179/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/2179/oj).

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr.

4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eur-lex.europa.eu/homepage.html?locale=en>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

[https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.)

**FYLGISKJAL 2.6.**

Fylgiskjal 2.6.

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2023/720**

frá 31. mars 2023

um breytingu á tilteknum reglugerðum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni  
að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum

**RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Evrópusambandið getur beint þvingunaraðgerðum, þ.m.t. frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs, gegn tilgreindum einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum. Reglugerðir ráðsins koma þessum aðgerðum til framkvæmda.

2) Hinn 9. desember 2022 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2664 (2022). Með 1. mgr. þeirrar ályktunar er innleidd undanþága frá refsiaðgerðum í formi frystingar eigna, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndir þess um þvingunaraðgerðir beita vegna mannúðaraðstoðar og annarrar starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks, sem gildir um tiltekna aðila. Í þessari reglugerð er 1. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) nefnd „undanþága af mannúðarástæðum“.

3) Hinn 31. mars 2023 var ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/726(1) samþykkt til að koma ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) til framkvæmda í lögum Sambandsins.

4) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er áhersla lögð á að ef undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frystingu eigna stangast á við fyrri ályktanir skuli hún koma í stað slíkra fyrri ályktana að því marki sem um slíkan árekstur er að ræða. Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er þó skýrt að 1. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 2615 (2021) gildir áfram.

5) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er þess krafist að veitendur sem reiða sig á undanþágu af mannúðarástæðum geri eðlilegar ráðstafanir til að lágmarka hvers kyns ávinning sem er bannaður samkvæmt refsiaðgerðum, hvort sem er vegna beinnar eða óbeinnar veitingar eða ólöglegrar notkunar, fyrir einstaklinga eða rekstrareiningar sem eru á skrá samkvæmt viðkomandi reglugerð, þ.m.t. með því að styrkja áætlanir og ferli veitenda vegna áhættustjórnunar og áreiðanleikakannana.

6) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er gerð krafa um að undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frystingu eigna gildi um refsiaðgerð 1267/1989/2253 vegna Íslamska ríkisins (Da'esh) og AlQaida-samtakanna í tvö ár frá þeim degi þegar ályktun nr. 2664 (2022) var samþykkt og því lýst yfir að öryggisráðið hyggist taka ákvörðun um framlengingu á beitingu ályktunar nr. 2664 (2022) fyrir þann dag þegar beiting þeirrar undanþágu myndi að öðrum kosti falla úr gildi.

7) Ráðið telur að undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frystingu eigna samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) ætti einnig að gilda í tilvikum þar sem Sambandið ákveður að samþykkja viðbótaraðgerðir varðandi frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs, auk þeirra sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndir þess um þvingunaraðgerðir ákveða.

8) Breytingarnar falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að þeim sé beitt með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum.

9) Því ætti að breyta reglugerðum ráðsins (EB) nr. 881/2002(2), (EB) nr. 1183/2005(3), (ESB) nr. 267/2012(4), (ESB) nr. 747/2014(5), (ESB) 2015/735(6), (ESB) 2016/1686(7), (ESB) 2016/44(8), (ESB) 2017/1509(9) og (ESB) 2017/1770(10) til samræmis við það.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

## 1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 881/2002:

„5. Ákvæði 1. og 2. mgr. 2. gr. gilda ekki um það þegar nauðsynlegir fjármunir eða efnahagslegur auður er gerður aðgengilegur til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:

- a) Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. áætlana þeirra, fjármuna og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,
- b) alþjóðastofnana,
- c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og aðila að þessum mannúðarstofnunum,
- d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum vegna flóttafólks, öðrum áköllum Sameinuðu þjóðanna eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum samhfærir,
- e) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til d-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum eða
- f) annarra viðeigandi aðila eins og framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir ákvarðar að því er varðar I. viðauka og I. viðauka a.“

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2023.

Fyrir hönd ráðsins,  
forseti.

J. ROSWALL

(1) Stjtið. ESB L 94, 3.4.2023, bls. 48.

(2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 881/2002 frá 27. maí 2002 sem leggur á tiltekna, sérstakar, takmarkandi ráðstafanir sem beint er að tilteknum einstaklingum og aðilum sem tengjast Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum (Stjtið. EB L 139, 29.5.2002, bls. 9).

(3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 frá 18. júlí 2005 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 193, 23.7.2005, bls. 1).

(4) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 frá 23. mars 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010 (Stjtið. ESB L 88, 24.3.2012, bls. 1).

(5) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 747/2014 frá 10. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Súdan og niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 131/2004 og (EB) nr. 1184/2005 (Stjtið. ESB L 203, 11.7.2014, bls. 1).

(6) Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/735 frá 7. maí 2015 um þvingunaraðgerðir að því er varðar Suður-Súdan og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 748/2014 (Stjtið. ESB L 117, 8.5.2015, bls. 13).

(7) Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/1686 frá 20. september 2016 um viðbótarþvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og AlQaida-samtökunum og einstaklingum og lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem þeim tengjast (Stjtið. ESB L 255, 21.9.2016, bls. 1).

(8) Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/44 frá 18. janúar 2016 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 204/2011 (Stjtið. ESB L 12, 19.1.2016, bls. 1).

(9) Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1509 frá 30. ágúst 2017 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 329/2007 (Stjtið. ESB L 224, 31.8.2017, bls. 1).

(10) Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1770 frá 28. september 2017 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí (Stjtið. ESB L 251, 29.9.2017, bls. 1).

**FYLGISKJAL 1.8.**

Fylgiskjal 1.8.

## ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/726

frá 31. mars 2023

um breytingu á tilteknum ákvörðunum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni  
að bæta við ákvæðum um undanþága af mannúðarástæðum

## RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,  
með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,  
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 9. desember 2022 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2664 (2022) sem vísar til fyrri ályktana um að leggja á refsiaðgerðir til að bregðast við ógnum við frið og öryggi á alþjóðavettvangi og leggur áherslu á að ráðstafanir sem aðildarríki SP grípa til, í því skyni að framkvæma refsiaðgerðir, fari að skuldbindingum þeirra samkvæmt alþjóðalögum og að þeim sé ekki ætlað að hafa neikvæð mannúðaráhrif á óbreytta borgara eða á mannúðaraðstoð eða þau sem veita hana.
- 2) Þar sem það lýsir sig reiðubúið til að endurskoða, leiðrétta og slíta, ef við á, refsiaðgerðum, sem taka tillit til þess hvernig aðstæður á jörðu niðri þróast og þess að nauðsynlegt er að lágmarka óráðgerð neikvæð áhrif á mannúðarmál, ákvað öryggisráð Sameinuðu þjóðanna í 1. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) að útvegum, vinnsla eða greiðsla fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks sé heimil og brjóti ekki gegn frystingu eigna sem lögð er á af öryggisráðinu eða framkvæmdanefndum um þvingunaraðgerðir. Í þessari ákvörðun er 1. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) nefnd „undanþága af mannúðarástæðum“. Undanþága af mannúðarástæðum á við um tiltekna aðila eins og sett er fram í þeirri ályktun.
- 3) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er gerð krafa um að undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frystingu eigna gildi um refsiaðgerð 1267/1989/2253 vegna Íslamska ríkisins (Da'esh) og AlQaida-samtakanna í tvö ár frá þeim degi þegar ályktun nr. 2664 (2022) var samþykkt og því lýst yfir að öryggisráðið hyggist taka ákvörðun um framlengingu á beitingu ályktunar nr. 2664 (2022) fyrir þann dag þegar beiting þeirrar undanþágu myndi að öðrum kosti falla úr gildi.
- 4) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er áhersla lögð á að ef undanþága af mannúðarástæðum stangast á við fyrri ályktanir skuli hún koma í stað slíkra fyrri ályktana að því marki sem um slíkan árekstur er að ræða. Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er þó skýrt að 1. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 2615 (2021) gildir áfram.
- 5) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er þess krafist að veitendur sem reiða sig á undanþágu af mannúðarástæðum geri eðlilegar ráðstafanir til að lágmarka hvers kyns ávinning sem er bannaður samkvæmt refsiaðgerðum, hvort sem er vegna beinnar eða óbeinnar veitingar eða ólöglegrar notkunar, fyrir tilgreinda einstaklinga eða rekstrareiningar, þ.m.t. með því að styrkja áætlanir og ferli veitenda vegna áhættustjórnunar og áreiðanleikakönnunar.
- 6) Ráðið telur að undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frystingu eigna samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) ætti einnig að gilda í tilvikum þar sem Sambandið ákveður að samþykkja viðbótaraðgerðir varðandi frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs auk þeirra sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndir þess um þvingunaraðgerðir ákveða.
- 7) Því er nauðsynlegt að breyta ákvörðunum ráðsins 2010/413/SSUÖ(1), 2010/788/SSUÖ(2), 2014/450/SSUÖ(3), (SSUÖ) 2015/740(4), (SSUÖ) 2015/1333(5), (SSUÖ) 2016/849(6), (SSUÖ) 2016/1693(7) og (SSUÖ) 2017/1775(8).
- 8) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda í framkvæmd tilteknum aðgerðum í ákvörðun þessari.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

## 1. gr.

Ákvörðun (SSUÖ) 2017/1775 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 2. gr.:

„8. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um útvegum, vinnslu eða greiðslu fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:

a) Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. áætlana þeirra, fjármuna og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,

b) alþjóðastofnana,

c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og aðila að þessum mannúðarstofnunum,

d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum vegna flóttafólks, öðrum áköllum Sameinuðu þjóðanna eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum samhfir,

e) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til d-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum eða

2) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 2. gr. a:

„8. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um útvegum, vinnslu eða greiðslu fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:

a) Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. áætlana þeirra, fjármuna og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,

b) alþjóðastofnana,

c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og aðila að þessum mannúðarstofnunum,

d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum vegna flóttafólks, öðrum áköllum Sameinuðu þjóðanna eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum samhfir,

e) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til d-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum eða

f) annarra viðeigandi aðila eins og ráðið ákvarðar.“

3) Í stað 7. mgr. 2. gr. a komi eftirfarandi:

„7. Með fyrirvara um 8. mgr. og þrátt fyrir 1. og 2. mgr., geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða brottflutningur frá Malí. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

## 2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 31. mars 2023.

Fyrir hönd ráðsins,  
forseti.  
J. ROSWALL

- (1) Ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ frá 26. júlí 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2007/140/SSUÖ (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39).
- (2) Ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ frá 20. desember 2010 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 30).
- (3) Ákvörðun ráðsins 2014/450/SSUÖ frá 10. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Súdan og niðurfellingu ákvörðunar 2011/423/SSUÖ (Stjtið. ESB L 203, 11.7.2014, bls. 106).
- (4) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/740 frá 7. maí 2015 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan og niðurfellingu ákvörðunar 2014/449/SSUÖ (Stjtið. ESB L 117, 8.5.2015, bls. 52).
- (5) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1333 frá 31. júlí 2015 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu og niðurfellingu ákvörðunar 2011/137/SSUÖ (Stjtið. ESB L 206, 1.8.2015, bls. 34).
- (6) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/849 frá 27. maí 2016 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu og niðurfellingu ákvörðunar 2013/183/SSUÖ (Stjtið. ESB L 141, 28.5.2016, bls. 79).
- (7) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1693 frá 20. september 2016 um þvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaidasamtökunum og einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum sem þeim tengjast og um niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2002/402/SSUÖ (Stjtið. ESB L 255, 21.9.2016, bls. 25).
- (8) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1775 frá 28. september 2017 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí (Stjtið. ESB L 251, 29.9.2017, bls. 23).

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.